

AFRIT

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
09. apríl 2014 10.5.5
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. apríl 2014
Tilvísun: UST20140400071/bs

Umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita að Reykjum í Hrútafirði. Umsögn


Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 2. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita.


Eins og fram kemur í greinargerð ÍSOR um jarðhitasvæðið á Reykjum í Hrútafirði. Hefur jarðhiti verið nýttur á Reykjum um árabil. Nú er nýttur rúmlega fjórðungur þess vatns sem er sjálfrennandi.

Jarðhitasvæðið á Reykjatanga er ekki á náttúruminjaskrá. Ummerki um notkun síðustu áratuga er að finna á svæðinu.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda umsókn, en stofnunin vill benda á að skv. myndum í fyrnefndri greinargerð ÍSOR mætti bæta umgengni um vatnstökusvæðið.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur